

Múlaping
B.t. skipulagsfulltrúa
Lyngási 12
700 Egilsstöðum

VERKNÚMER: 03054-005
DAGS.: 2024-06-27
NR.: 1

Skipulagsgerð vegna nýrrar aðveitustöðvar á Hryggstekk í Skriðdal

Landsnet vinnur að undirbúningi byggingar nýrrar yfirbyggðrar aðveitustöðvar á Hryggstekk í Skriðdal sem mun leysa af hólmi núverandi aðveitustöð í áföngum. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta afhendingaröryggi raforku.

Í gildi er deiliskipulagið *Fljótsdalslína 3 og 4 í Skriðdal* sem tók gildi 29. júlí 2005. Þar er gert er ráð fyrir háspennulínunum og aðveitustöð sem nú hafa risið. Afmarka þarf nýja lóð fyrir yfirbyggða aðveitustöð og mögulega tvö spennahús, um 200 m norðvestan núverandi aðveitustöðvar. Aðkomuvegur yrði um núverandi aðkomuveg sem liggur að fyrri aðveitustöð.

Framkvæmdin er áfangaskipt. Í áfanga 1 er gert ráð fyrir að Fljótsdalslínur 3 og 4 tengist nýju aðveitustöðinni og eldri aðveitustöð tengist nýju aðveitustöðinni í gengum fasvirkspenni. Í áfanga 2 er gert ráð fyrir að þær línur sem tengjast fyrri aðveitustöð verði tengdar nýju stöðinni. Í kjölfar áfanga 2 og færslu línanna yrði fyrri aðveitustöð lögð af og fjarlægð.

Áætlað er að ný aðveitustöð verði innan sama landnotkunarreits og núverandi stöð. Uppbyggingin er því í samræmi við gildandi aðalskipulag en hún kallar á breytingu á gildandi deiliskipulagi.

Fyrir hönd Landsnets er óskað eftir heimild til að vinna breytingu á *deiliskipulaginu Fljótsdalslína 3 og 4 í Skriðdal* og að í framhaldinu verði meðfylgjandi tillaga að deiliskipulagsbreytingu tekin til meðferðar í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Virðingarfyllt, f.h. Landsnets
Erla Bryndís Kristjánsdóttir